

Starfsheildir sjúkráþjálfara – kröfur og gæðavísar

Starfsheildir sjúkráþjálfara

Starfsheildum sjúkráþjálfara ber skv. samningi að uppfylla ákveðin almenn skilyrði auk sértækari skilyrða og gæðavísa sem hægt er að sníða að einhverju leyti að hverri starfsstöð. Starfsheildir munu skila árlegri samantekt/skýrslu til Sjúkratrygginga þar sem starfsheild lýsir því hvernig hún uppfyllir þær kröfur og gæðavísa sem tilgreind eru í þessu skjali, með það að markmiði að efla skipulagt gæðastarf. Starfsheild skipar tengilið/-i gagnvart Sjúkratryggingum varðandi framkvæmd þjónustu og álitæfni þar að lútandi. Til að starfsheild fái viðurkenningu sem slík skulu allir sjúkráþjálfarar sem við hana starfa vera þátttakendur og hafa samning þar um. Starfsheildir skulu vera lögaðilar, í meirihlutaeigu starfandi heilbrigðisstarfsmanna, sem viðkomandi sjúkráþjálfarar hafa samningssamband við og starfa skv. lögum um slíka starfsemi. Starfsheildir gera með sér; hluthafasamkomulag séu eigendur fleiri en einn, skriflega samninga við alla starfsmenn (bæði verktaka og launþega) og skriflega samninga við þá sem eru í forsvari fyrir starfsheildina.

Starfsstöð starfsheilda

Starfsstöðvar sem starfa innan starfsheilda skulu vera opnar að lágmarki 50 vikur á ári skv. samningi. Yfir sumartímamann (maí-ágúst) skal tryggja að þjónusta fari ekki niður fyrir 60% af þeirri þjónustu sem veitt er að meðaltali yfir árið. Komi til lengri veikinda sem skilgreind eru hér meira en þrjár vikur, þá ber starfsheild að bjóða a.m.k. 50% skjólstæðinga þess starfsmanns sem veikur er þjónustu innan starfsheildarinnar.

Starfsheild ber að forgangsraða þjónustu af biðlistum og endurmeta stöðu á biðlistum. Skilgreina þarf hámarks biðtíma sem og forgangsröðun þeirra sem eru að bíða eftir þjónustu. Starfsheild skal fylgjast með að samræmi sé á milli tímabókana hvað varðar lengd meðferða og innsendra reikninga. Starfsheildum ber að tilgreina mælitæki sem notuð eru til árangursmælinga. Mælitæki í tengslum við framgangsmat ICF verður skilgreint nánar samhliða innleiðingu þess. Starfsheild skilar til Sjúkratrygginga upplýsingum um lýðfræðilega samsetningu einstaklinga sem sækja þjónustu þeirra, þ.e. upplýsingum um; aldur, kyn, ástæðu þjónustu /meðferðar, útskriftir og biðtíma á biðlista. Starfsheild sinnir nýliðafræðslu og hluti af þeirri fræðslu er að kynna: lög og reglugerðir um sjúkráþjálfun, lög um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga, umsóknarferli langtímaumsókna og annarra umsókna um sjúkráþjálfun, og hjálpartækja. Upplýsingar um þessi atriði má finna á heimasíðu Sjúkratrygginga, www.sjukra.is

Starfsheild skal gera viðbragðsáætlanir vegna innri og ytri atvika og sinna gæðaeftirliti með eignum og búnaði. Starfsheild gerir þjónustukannanir og finnur ábendingum farveg.

Sjúkráþjálfari innan starfsheildar

Starfsheildir hafa eftirlit með að sjúkráþjálfarar innan sérhverrar starfsheildar uppfylli eftirfarandi almenn skilyrði:

- a. Sjúkráþjálfari skrifi ávallt dagnótur
- b. Sjúkráþjálfari skrifi og setji markmið og meðferðaráætlun
- c. Sjúkráþjálfari skili ávallt skýrslum rafrænt sé þess kostur til heilsugæslu/læknis
- d. Sjúkráþjálfari sinni jafningjaaðhaldi sem hluta af eftirliti hverrar starfsheildar (nánar skilgreint af starfsheildum)
- e. Sjúkráþjálfari leiðbeini um aðgengi að stoðþjónustu og taki þátt í teymisvinnu þegar við á
- f. Sjúkráþjálfari skili inn til starfsheildar upplýsingum er varðar faglega framþróun og sí- og endurmenntun


Sértækt gæðastarf starfsheilda

Starfsheild ber að viðhafa skipulagt stefnumótunarstarf þar sem fram koma áherslur starfsheildar sem og þróun starfsemi og þjónustu og skulu helstu áherslur koma fram í árlegri skýrslu til Sjúkratrygginga. Gera skal þjónustukannanir þriðja hvert ár þar sem spurt er um ánægju með þjónustu, viðmót starfsmanna, fagleg vinnubrögð, aðgengi og hreinlæti svo dæmi séu tekin. Skila skal skýrslu varðandi þjónustukannanir með skýrslu starfsheildar þau ár sem þær eru framkvæmdar. Starfsheild skal uppfylla 20 af eftirfarandi sértækum gæðavísum (sjá bls. 3). Gæðavísar sem litaðir eru rauðir ber öllum starfsheildum að uppfylla en starfsheild velur sjálf fjóra aðra til viðbótar af þeim sem litaðir eru svartir. Á bls. 3 er íslensk þýðing á heitum á stöðlunum frá evrópudeild heimssambands sjúkráþjálfara ER-WCPT en til að lesa nánar um hvað í þeim felst þarf að smella á bláa tengilinn „staðlar ER -WCPT - tengill“ og þá opnast síða á ensku þar sem fjallað er nánar um hvern og einn staðal.

Starfsheild skal skila inn til samstarfsnefndar Sjúkratrygginga og Félags sjúkráþjálfara áætlun um innleiðingu þessara sértæku gæðavísa sem og krafna sem lýst er í þessu skjali fyrir 30. apríl 2025 og innleiðingu þeirra þarf að vera lokið fyrir 28. febrúar 2026. Samstarfsnefnd getur kallað eftir úrvinnslu gæðavísa starfsheilda, þó skulu líða a.m.k. sex mánuðir frá því að innleiðingu er lokið þar til hægt er að kalla eftir upplýsingum.

Þetta skjal er fyrsta útgáfa. Breytingar á lögum og reglugerðum geta haft áhrif á efnisinnihald skjalsins. Þetta skjal verður rýnt og endurskoðaða eigi síðar en 1. desember 2025.

Tímalína



Staðlar ER - WCPT

Staðlar ER - WCPT - tengill

Virðing fyrir þjónustuþega (e.*Recognition of the Service User as an Individual*)

Staðall 1. **Siðferðileg hegðun** (e.*Ethical Behaviour*) *

Staðall 2. **Upplýst samþykki** (e.*Informed Consent*) *

Staðall 3. **Trúnaður** (e.*Confidentiality*) *

Aðgengi að sjúkráþjálfunarþjónustu (e.*Access to Physiotherapy Services*)

Staðall 4. **Aðgengi að sjúkráþjálfunarþjónustu** (e.*Access to Physiotherapy Services*) *

Mat- og meðferðarlota (EBP) (e.*The Assessment and Treatment Cycle (EBP)*)

Staðall 5. **Mat** (e.*Assessment*) *

Staðall 6. **Klínísk rök og niðurstöður** (e.*Clinical Reasoning and Outcomes*) *

Staðall 7. **Gerð meðferðaráætlunar** (e.*Formulating the Treatment Plan*) *

Staðall 8. **Framkvæmd meðferðaráætlunar** (e.*Implementing the Treatment Plan*) *

Staðall 9. **Mat á meðferðaráætlun** (e.*Evaluating the Treatment Plan*) *

Staðall 10. **Umönnun fengin öðrum / útskrift** (e.*Transfer of Care / Discharge*)

Samskipti (e.Communication)

Staðall 11. **Samskipti við þjónustunotendur og umönnunaraðila** (e.Communication with Service Users and Carers)

Staðall 12. **Samskipti við aðra fagaðila** (e.Communication with other Professionals)

Skráning (e.Documentation)

Staðall 13. **Skráning sjúkráþjálfunaríhlutunar** (e.Recording the Physiotherapy Intervention) *

Staðall 14. **Skráastjórnun** (e.Record management)

Áframhaldandi fagleg fagþróun (ÁFF) (e.Continuing Professional Development (CPD))

Staðall 15. **Skoðun og mat á faglegri þróun í starfi** (e.Assessing Development Needs) *

Staðall 16. **Áætlun á faglegri framþróun** (e.Planning CPD) *

Staðall 17. **Innleiðing og framkvæmd faglegrar framþróunar** (e.Implementing CPD)

Staðall 18. **Mat á faglegri framþróun (ÁFF)** (e.Evaluating CPD) *

Menntun og rannsóknir

Staðall 19. **Fræðsla til þjónustunotenda, almennings og annarra heilbrigðisstétta** (e. Educating Service Users, the Public and other Health Professionals)

Staðall 20. **Klínísk kennsla háskólanema** (e. Clinical Education of Students)

Staðall 21. **Rannsóknir** (e. Research)

Starfsemi og starfsfólk

Staðall 22. **Starfandi sjúkráþjálfarar** (e. Physiotherapy Staff) *

Gæðaaukning í starfi

Staðall 24. **Leiðir til gæðaaukningar í starfi** (e. Quality Improvement) *

Staðall 25. **Klínísk úttekt á starfi** (e. Clinical Audit)

Heilsa og öryggi á starfsstofu

Staðall 26. **Áhættustýring** (e. Risk Management)

Staðall 27. **Umhverfi** (e. Environment)

Staðall 28. **Útbúnaður á starfsstofu** (e. Equipment) *

Staðall 29. **Mat og tilvísanir stoðtækja** (e. *Provision of Aids and Appliances*)